

Sp.

165. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1983.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Nefndin flytur þó að venju sameiginlegar breytingartillögur nú við 2. umræðu málsins, með fyrirvara af hálfu minni hlutans sem áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Það er við mjög svo óvenjulegar aðstæður, sem 2. umræða fjárlaga fer nú fram. Vandfundið mun dæmi álíka ástands og nú ríkir hér á Alþingi, og tekur til fleiri þátta en afgreiðslu fjárlaga, þó augljóslega sé það hvað alvarlegast varðandi þá afgreiðslu sem hæstv. ríkisstjórn virðist ætla að viðhafa nú.

Eins og öllum er kunnugt gerðist það síðla sumars, að ríkisstjórnin missti mann fyrir borð, sem varð þess valdandi að ríkisstjórnina skortir meiri hluta í neðri deild, sem hefur þær afleiðingar, að hún kemur ekki af eigin rammleik stefnumálum sínum fram hér á Alþingi í andstöðu við stjórnarandstöðuna.

Ríkisstjórnin hefur að vísu meiri hluta í sameinuðu þingi og getur þannig að **nafninu til** komið fjárlagaafgreiðslunni hér í gegn, en **skortir** eigi að síður **meiri hluta til að koma fram ýmsum þeim frumvörpum** er varða **tekjuöflun** sem **fjárlagafrv. byggir á**. Og þetta er auðvitað **grundvallaratriði** málsins. Það er við þessar **óvenjulegu** aðstæður sem hæstv. ríkisstjórn virðist ætla sér að afgreiða fjárlög fyrir árið 1983. Og það verður að segjast beint, að það er **ábyrgðarlaust** af hæstv. ríkisstjórn að haga sér með þeim hætti, auk þess að stefna í algjöra blindgötu vegna þeirra óraunsæju forsendna sem fjárlagafrumvarpið byggist á að öðru leyti.

Hæstvirtir ráðherrar hafa sjálfir gefið því fjárlagafrv. fyrir árið 1983, sem hér er til umræðu heitið **kreppufrv.**, og vissulega á það vel við að mörgu leyti. En það á **ekki** við að því er varðar þann skerf sem ríkisstjórnin sjálf ætlar sér **að hrifsa í óráðsiuhít** sína.

Hæstvirt ríkisstjórn og stjórnarliðið sem heild hafa gripið til þess hálmstrás að kenna utanaðkomandi áhrifum um þá **óráðsiu** og **öngþveiti** sem efnahagslíf þjóðarinnar er nú komið í. Það er auðvitað fráleitt að skrifa alla þá **öfugþróun**, sem orðið hefur í íslensku efnahagslífi, á **utanaðkomandi** áhrif, þó vissulega skuli viðurkennt að í vissum **þáttum** hefur sú þróun haft áhrif til hins verra á stöðu þjóðarbúsins. Meginástæðan er auðvitað röng og að mestu leyti fálmkennnd stefna núverandi ríkisstjórnar.

Vissulega er vandi fyrir höndum í efnahagslífi þjóðarinnar, en sá vandi verður ekki leystur með sífelldum **bráðabirgðaráðstöfunum** og **einvörðungu á kostnað launafólks**, eins og ríkisstjórnin virðist halda.

Lausn þess vanda, sem við blasir, verður því aðeins fundin að horfst sé í augu við þá **staðreynd**, að stefna núverandi ríkisstjórnar er röng og leiðir til enn **alvarlegra** ástands **strax** í byrjun næsta árs verði ekkert að gert.

Alþýðuflokkurinn hefur lengi bent á **nauðsyn gjörbreyttrar** efnahagsstefnu, bæði að því er varðar lausn þess **vanda**, sem þegar er orðinn, og einnig til lengri tíma titið.

Á það hefur skort, að stjórnvöld viðurkenndu þær staðreyndir, sem Alþýðuflokkurinn hefur margbent á og eru nú hver á fætur annarri að koma fram sem **staðreyndir** og sýna að **Alþýðuflokkurinn** einn flokka hefur af **fullri ábyrgð og raunsæi** gert sér grein fyrir nauðsyn **gjörbreyttrar** stefnu í efnahagsmálum.

Áður en vikið er að efnisatriðum þess fjárlagafrumvarps, sem nú er til umræðu, er nauðsynlegt að skyggjast örlítið um og líta til baka til þess tíma fyrir um ári þegar verið var að afgreiða hér á Alþingi fjárlög fyrir yfirstandandi ár. Alþýðuflokkurinn benti **rækilega** á að **forsendur** þeirrar fjárlagaafgreiðslu væru vægast sagt hæpnar og **reynsla** mundi sýna fram á að þær forsendur, sem þar voru lagðar til **grundvallar**, væru augsýnilega **langt frá raunveruleikanum**. Nú hafa menn **staðreyndirnar** fyrir augum og þær sýna að fullyrðingar Alþýðuflokksins um óraunsæi þeirra forsendna, sem fjárlög yfirstandandi árs byggðust á, voru **gjörsamlega raunsæjar**.

Forsendur verðlagshækkana fjárlaga ársins 1982 voru **33% hækkun**. Reynslan sýnir að verðlagshækkunar ársins í ár munu verða um **50%**.

Það sjá auðvitað allir, að slíkur málalíbúnaður í fjárlagagerð ríkisins er með öllu **óverjandi**. Slík vinnubrögð eru auðvitað **grófleg fölsun staðreynda** og verða til þess, eins og raun ber vitni, að **ráðherrafjárlög** eru sett upp við hliðina á þeim pappírshjálförögum sem afgreidd eru hér á Alþingi.

Þannig má segja að í raun séu tvenn fjárlög í gangi, því það kemur t. d. í ljós, að aukafjárveitingar fyrstu 10 mánuði ársins í ár nema hvorki meira né minna en **fimm hundruð fjörutíu og tveimur milljónum kr.**, og til fróðleiks fyrir þingmenn og alþjóð eru þær upplýsingar birtar með nefndarálitinu **sem fylgiskjal**.

Þá er athyglisvert að gefa því gaum, að undir forsjá hæstv. fjármálaráðherra munu útgjöld ríkissjóðs **aukast verulega meira** á árinu í ár en sem nemur verðlagshækkunum milli ára, eða um ca. **58%**, á sama tíma og verðlagshækkunar verða um **50%**.

Þá var ein af forsendum fjárlaga yfirstandandi árs að **skattbyrði** héldist óbreytt. Við umræður fjárlaga yfirstandandi árs var af hálfu **Alþýðuflokksins sýnt** fram á að þessi forsenda væri **óraunhæf og röng**. Einnig þessi fullyrðing Alþýðuflokksins hefur **reynst rétt** því í áætlun Þjóðhagsstofnunar er því lýst, að skattbyrði hafi þyngst á árinu 1982, en ekki tiltekið hversu mikið. Fróðlegt væri að hæstv. fjármálaráðherra upplýsti **hversu mikið** skattbyrðin hefur þyngst.

Enn ein forsenda, sem lögð var til grundvallar af hálfu ríkisstjórnarinnar við afgreiðslu fjárlaga ársins 1982, var að **kaupmáttur almennings** héldist **óbreyttur**. Raunin hefur orðið sú, að kaupmáttur ráðstöfunartekna mun á yfirstandandi ári minnka um 1—2% og kaupmáttur umsaminna launa hefur **verulega** skerast og er allt útlit fyrir, haldi áfram sem horfir, að kaupmáttur minnki um eða yfir **6%** á næsta ári.

Það, sem hér hefur verið tekið fram, og auðvitað ótalmargt fleira sýnir svo ekki verður um villst, að allar **meginforsendur**, sem ríkisstjórnin lagði til grundvallar fjárlögum ársins 1982, reyndust **alrangar**, eins og **Alþýðuflokkurinn** margbenti á, og í ljósi þessarar reynslu hljótu við að ræða það fjárlagafrv. fyrir árið 1983, sem hér liggur fyrir.

En svo óraunsæjar sem forsendur fjárlaganna í ár hafa reynst vera **tekur þó út yfir allan þjófabálk varðandi þær forsendur** sem hæstv. ríkisstjórn gefur sér í því frv. til fjárlaga sem nú er að koma til 2. umræðu hér á Alþingi.

Frv. byggist á þeirri meginforsendu, að verðlagshækkunar verði **42% á árinu 1983**, og í ljósi áður fenginnar reynslu hljóta menn að spyrja sig þeirrar spurningar, hvort líklegt sé að þessi **forsenda frv. standist**. Að því er best verður séð er slík forsenda gjörsamlega út í hött, enda staðfestir spá Þjóðhagsstofnunar það, því þar er gert ráð fyrir að verðbólga næsta ár verði ekki undir **58%**. Ástæða er til að vekja athygli á því, að í þessum útreikningum og spá Þjóðhagsstofnunar eru meðtalin áhrif **launalækkunar**, sem kom til framkvæmda 1. desember s. l., og einnig áhrif þeirrar aðhaldsstefnu, sem ríkisstjórnin segist ætla að beita sér fyrir í peninga-, lána- og fjárfestingarmálum.

Eina atriðið, sem nefnt er til stuðnings þeirri stefnu eða forsendu frv., að verðbólga á næsta ári verði ekki **nema 40—45%**, er breyting á **vísitöluviðmiðun kaupgjalds**. Það er eina úrræðið sem nefnt er að ríkisstjórnin hafi til að **breyta fyrirsjáanlegri 58% verðbólgu á næsta ári í 40—45% verðbólgu**.

Sú viðmiðun ríkisstjórnarinnar, að meðaltal verðbólgu á næsta ári, miðað við meðaltal yfirstandandi árs, megi ekki fara fram úr **40—45%**, þýðir að verðbólga frá upphafi ársins 1983 til ársloka 1983 má ekki fara yfir **20%**.

Pykir mönnum sú áætlanagerð eða þær forsendur, sem byggðar eru á slíkum útreikningum, **raunhæfar?**

Pykir mönnum það líklegt, að hægt sé að ná þeim árangri, jafnvel þó ný vísitöluviðmiðun verði tekin upp, að hægt sé að skerða svo laun almennings til viðbótar þeirri kjaraskerðingu sem þegar hefur verið framkvæmd? Auðvitað er slíkt ekki raunhæft, en þetta er ein af **meginforsendum** frv., eigi að síður.

Þá er rétt að benda á að þær forsendur, sem frv. gerir ráð fyrir og taka til launaþróunar, eru að vegin meðalhækkun launa á árinu 1983 verði **14.5%**. Það eru **10.5%** vegna hækkunar verðbótavísitölu og **4% vegna grunnkaupshækkunar**.

Augljóst er og allir vita að **launahækkun t. d.** vegna þeirrar skriðu **verðhækkana**, sem ríkisstjórnin hleypti af stað nú í byrjun desember og á að óbreyttu að koma til launafólks 1. mars n. k., er þrefalt meiri en hér er gert ráð fyrir. Þessar launaforsendur frv. þarfnast óhjákvæmilega nánari skýringa af hálfu ríkisstjórnarinnar, því ekki er annað séð á forsendum frv. en að **enn frekari og stórfelldari kjaraskerðing** sé fyrirhuguð ef marka á þessar forsendur frv.

Engu er líkara og ekki verður annað séð en gert sé ráð fyrir að laun verði skert á bilinu **6—10%** á þriggja mánaða fresti **allt næsta ár**. Dettur einhverjum í hug að **slíkar forsendur fái staðist?**

Þá skal vakin athygli á þeirri stefnu, sem frv. boðar í skattamálum.

Talið er að nettóálagning tekjuskatts einstaklinga **hækki** á yfirstandandi ári um **70%**, á sama tíma og laun hafa ekki hækkað nema um **52%**. Enn lengra skal haldið í þessa átt á næsta ári samkv. frv., en þar er gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga **hækki** um **55%**, á sama tíma og **launahækkunin** á að **staðnæmast** við **34%**.

Þær meginforsendur, sem hér hefur verið vikið að og frv. til fjárlaga fyrir árið 1983 gerir ráð fyrir, **fá engan veginn staðist**, og raunar er furðulegt að jafnvel ríkisstjórnin skuli í alvöru leggja fram frv. með forsendum af þessu tagi, sem augljóst er öllum að eru algjörlega óraunhæfar, og er fráleitt að ætla Alþingi að afgreiða fjárlög sem byggð eru á samanlögðum brauðfótum.

Það var vikið að því hér áður, að ráðherrarirnir hefðu sjálfir gefið þessu frv. heitið kreppufrumvarp. Og víst má það svo heita að öðru leyti en því er tekur til þess, sem ríkisstjórnin ætlar sjálfri sér, samanborið við þann skammt sem öðrum er ætlaður.

Það er ekki að sjá að kreppa eigi t. d. að ríkja á skrifstofum ráðherranna á næsta ári samkv. frv. T. d. **hækkar** framlag til yfirstjórnar í menntamálaráðuneyti um **55.6%**. Hjá utanríkisráðuneyti hækkar yfirstjórn um 57.5%. Hjá sjávarútvegsráðuneyti hækkar yfirstjórn um 57.4%. Hjá dóms- og kirkjumálaráðuneyti hækkar yfirstjórn um **52.6%**. Hjá félagsmálaráðuneyti **hækkar yfirstjórn um 53.6%**. Hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti hækkar yfirstjórn um 67.6%. Hjá fjármálaráðuneyti hækkar yfirstjórn um 55.4%. Hjá samgönguráðuneyti hækkar yfirstjórn um 54.5%. Hjá iðnaðarráðuneytinu **hækkar yfirstjórn um 63.4%**. Hjá viðskiptaráðuneyti hækkar yfirstjórn um 61.7%.

Á sama tíma og hæstv. ráðherrar ætla sér svo drjúga hækkun ætla þeir öðrum, eins og t. d. til framkvæmdaframlaga, hækkun sem **nemur 28—30%**. Slíkt er nú samhengið og réttlætið hjá hæstv. ríkisstjórn.

Og hæstv. ríkisstj. ætlar greinilega samkv. frumvarpinu að halda áfram óráðsú í rekstri ríkisins, því samkv. frv. á liðurinn önnur rekstrargjöld að **hækka um 73.5%**.

Og liðurinn niðurgreiðslur hækkar um hvorki meira **né minna en 80%**.

Þá er gert ráð fyrir því, að framlag til Lánasjóðs námsmanna hækki um 82%, auk hækkunar lántökuheimilda fyrir sjóðinn um 80%. En á sama tíma er hækkun framlags

ríkissjóðs til Byggingarsjóðs aðeins 33% og hækkun til Byggingarsjóðs verkamanna er 41.5%, og hækkun til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra er 42%. En á sama tíma hækkar liðurinn landbúnaður, framlög um **78.1%**. Sambærileg hækkun framlags ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs er **42%**. En hækkun til Háskóla Íslands, sem hvað mest hefur verið býsnast yfir hvað væri **lág, er þó 53.1%**, á sama tíma og aðrir verða að láta sér nægja miklu minna. Þannig mætti lengi halda áfram upp að telja að því er varðar einstaka þætti þess frumvarps, sem hér liggur fyrir, en ekki skal það frekar gert að sinni, að öðru leyti en því, að sérstök athygli skal á því vakin, að einhverra hluta vegna hefur hæstv. ríkisstjórn talið nauðsynlegt að afmá sem sérstakan lið í frv. orkujöfnunargjaldið og gerir nú tilraun til að fela þá skattlagningu í tekjum af söluskatti, en engin skýring hefur fengist á því þrátt fyrir eftirgrennslan, hver ástæðan er. En tekjur af þessari skattlagningu eru áætlaðar **þrjú hundruð milljónir króna á árinu 1983**, og er greinilegt að áfram ætlar hæstv. ríkisstjórn að koma aftan að landsbyggðarfólki í þessari skattlagningu og nýta þá skattpeninga í eigin eyðsluhít. Vei slíkum vesaldómi og ranglæti!

Augljóst er að verði fjárlög fyrir árið 1983 afgreidd á þeim forsendum, sem frv. gerir ráð fyrir, er vísitandi verið að blekkja fólk og tilgangurinn augljóslega sá að fela þá staðreynd, að stefna núverandi ríkisstjórnar í efnahags- og fjármálum hefur beðið **skipbrot**. Stefna núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum hefur þegar orðið þjóðinni **dýrkeypt**, en á, ef að líkum lætur, eftir að verða enn **dýrkeyptari**.

Allir helstu atvinnuvegir landsmanna eru að stöðvast eða þegar stöðvaðir og komnir í greiðsluþrot. Þjóðin lifir nú á gegndarlausum lántökum, erlendum, og stórkostleg kjarskerðing er þegar orðin og blasir enn frekar við. Það er við þessar aðstæður sem Alþingi er nú ætlað að afgreiða fjárlög fyrir árið 1983 á gjörsamlega röngum forsendum, forsendum sem ekki fá staðist.

Og við þetta bætist að hæstv. ríkisstjórn kórónar þennan þátt mála með því að leggja hvorki fram frumvarp að lánsfjárlögum né lánsfjáráætlun fyrir fjárlagaárið, eins og þó er lagaskylda.

Að öllu þessu athuguðu er það hrein firra, raunar hneyksli, að ætla Alþingi að afgreiða slíkt brauðfótafrumvarp til fjárlaga sem hér er á ferðinni.

Alþýðuflokkurinn varar mjög alvarlega við svo óraunhæfri afgreiðslu sem hér er lagt til og lýsir ábyrgð á hendur hæstv. ríkisstjórn, — vill ekki trúa því, að ríkisstjórnin sé svo heillum horfin og misþjóði svo virðingu Alþingis að ætla því að afgreiða fjárlög á eins óábyrgan hátt og hér er lagt til.

Alþýðuflokkurinn mun ekki í ljósi þeirrar stöðu, sem málið er nú í, flytja breytingartilögur við þessa umræðu. Alþýðuflokkurinn minnir enn á, að hann einn flokka hér á Alþingi hefur margítrekað bent á nauðsyn breyttrar stefnu í efnahagsmálum, og vísar til margfluttra frumvarpa hér á Alþingi af hálfu flokksins þeirri stefnumörkun til staðfestingar.

Alþingi, 13. des. 1982.

Karvel Pálmason.

Fylgiskjal.

Aukafjárveitingar alls afgreiddar 29. október 1982.

	Pús. kr.
00-101-0000 Embætti forseta Íslands	430,0
Forsætisráðuneytið	1 954,5
01-101-0000 Aðalskrifstofa	19,5
01-101-0109 Ráðherrabústaður á Þingvöllum	35,0
01-101-0111 Skrifst. ráðherranefndar Norðurlandaráðs ¹⁾	900,0
01-902-0000 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum ²⁾	1 000,0
Menntamálaráðuneytið	80 278,0
02-101-0000 Aðalskrifstofa	700,0
02-201-0000 Háskóli Íslands ³⁾	7 000,0
02-205-0000 Stofnun Árna Magnússonar	400,0
02-231-0000 Náttúrufræðistofnun Íslands	47,4
02-318-0000 Framhaldsskólar, stofnkostnaður	936,0
02-319-0000 Framhaldsskólar, almennt ⁴⁾	8 789,0
02-321-0000 Kennaraháskóli Íslands ⁵⁾	1 122,0
02-352-0000 Flensborg, fjölbrautaskóli	100,0
02-422-0000 Námsgagnastofnun ⁶⁾	800,0
02-422-0000 Námsgagnastofnun ⁶⁾	700,0
02-517-0000 Hótel- og veitingaskólinn	200,0
02-517-0000 Hótel- og veitingaskólinn	50,0
02-523-0000 Fósturskóli Íslands	150,0
02-523-0000 Fósturskóli Íslands	50,0
02-523-0000 Fósturskóli Íslands	80,8
02-561-0000 Myndlista- og handíðaskólinn	500,0
02-562-0000 Leiklistarskóli Íslands	180,0
02-563-0000 Tónlistarfræðsla ⁷⁾	2 000,0
02-610-0000 Héraðsskólar, óskiptur stofnkostnaður	1 400,0
02-714-0000 Þjálfunarskóli, Kópavogshæli	22,0
02-791-0000 Grunnskólar, almennt ⁸⁾	15 426
02-791-0000 Grunnskólar, almennt	130,0
02-791-0116 Sundskýlda í skólum ⁹⁾	1 000,0
02-791-0116 Sundskýlda í skólum ⁹⁾	800,0
02-795-0000 Öskjuhlíðarskóli	624,0
02-797-0104 Stofnanir afbrigðilegra barna	181,0
02-797-0104 Stofnanir afbrigðilegra barna	16,0
02-797-0104 Stofnanir afbrigðilegra barna	150,0
02-803-0000 Dagvistarheimili, námsgagnagerð	75,0
02-872-0000 Lánasjóður íslenskra námsmanna ¹⁰⁾	10 000,0
02-872-0000 Lánasjóður íslenskra námsmanna ¹⁰⁾	20 000,0
02-881-0103 Náms- og fræðimenn, framlög	95,0
02-881-0117 Atvinnumiðlun námsmanna	60,0
02-901-0000 Landsbókasafn	17,0
02-901-0000 Landsbókasafn	139,0
02-901-0000 Landsbókasafn	20,0
02-901-0000 Landsbókasafn	26,0
02-902-0000 Þjóðminjasafn Íslands	659,0
02-907-0000 Listasafn Íslands	40,0
02-931-0000 Náttúruverndarráð	300,0
02-931-0000 Náttúruverndarráð	20,0
02-973-0000 Þjóðleikhúsið	140,0
02-973-0000 Þjóðleikhúsið	800,0
02-979-0000 Rithöfundasjóður Íslands	72,0
02-981-0000 Starfslaun listamanna	66,9

	Pús. kr.
02-982-0000 Listir, framlög	31,8
02-982-0101 Leikfélag Reykjavíkur	100,0
02-982-0101 Leikfélag Reykjavíkur	200,0
02-982-0110 Leikfélag Akureyrar	100,0
02-982-0110 Alþýðuleikhúsið	600,0
02-982-0113 Breiðholtsleikhús	300,0
02-982-0310 Önnur tónlistarstarfsemi	50,0
02-982-0413 Önnur tónlistarstarfsemi	20,0
02-982-0413 Listasafn alþýðu	300,0
02-983-0502 Kvikmyndasjóður ¹¹⁾	1 032,0
02-982-0836 Listir og menningarmál	100,0
02-982-0845 Thorvaldsenssýning	46,0
02-984-0000 Norræn samvinna	90,0
02-984-0103 Norræna félagið	10,0
02-984-0104 Samnorræn fjárhagsáætlun	300,0
02-984-0104 Samstarf á sviði menningarmála skv. samnorrænni fjárhagsáætlun	200,0
02-988-0103 Æskulýðssamband Íslands	8,0
02-988-0104 Ungmennafélag Íslands	70,0
02-989-0102 Íþróttasamband Íslands	300,0
02-989-0121 Skáksamband Íslands	46,0
02-989-0121 Skáksamband Íslands	100,0
02-999-0221 Bridgesamband Íslands	80,0
02-999-0308 Ýmis framlög	100,0
Utanríkisráðuneytið	4 521,0
03-111-0000 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	50,0
03-399-0000 Ýmis utanríkismál ¹²⁾	300,0
03-399-0000 Ýmis utanríkismál ¹²⁾	500,0
03-399-0101 Próunarsamvinnustofnun Íslands ¹³⁾	2 743,0
03-399-0102 Flóttamannaráð Íslands ¹⁴⁾	778,0
03-399-0107 Aðstoð við pólsku þjóðina	150,0
Landbúnaðarráðuneytið	13 628,7
04-101-0000 Aðalskrifstofa	180,0
04-101-0000 Aðalskrifstofa	300,0
04-172-0000 Jarðasjóður ¹⁵⁾	434,0
04-231-0000 Skógrækt ríkisins	300,0
04-235-0000 Landgræðsla ríkisins	1 100,0
04-243-0000 Sauðfjárveikivarnir ¹⁶⁾	918,0
04-243-0000 Sauðfjárveikivarnir ¹⁶⁾	244,8
04-246-0000 Veiðimálaskrifstofan	62,0
04-246-0107 Fisksjúkdómanefnd	10,0
04-247-0102 Héraðsdýralæknar	63,0
04-272-0000 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	100,0
04-288-0000 Framlög samkvæmt jarðræktarlögum ¹⁷⁾	2 106,0
04-288-0000 Framlög samkvæmt jarðræktarlögum ¹⁷⁾	205,5
04-288-0000 Framlög samkvæmt jarðræktarlögum ¹⁷⁾	1 324,0
04-288-0103 Framlög samkvæmt jarðræktarlögum ¹⁷⁾	1 000,0
04-288-0103 Framlög samkvæmt jarðræktarlögum ¹⁷⁾	583,0
04-299-0119 Lántökukostn. vegna l. nr. 9/1980 ¹⁸⁾	1 199,2
04-299-0123 Ákvörðun búmarks	588,2
04-299-0124 Byggðasafn Suðurlands	70,0
04-299-0125 Fjallskil í eyðihreppum	31,0
04-501-0000 Bændaskólinn á Hvanneyri	100,0
04-501-0000 Bændaskólinn á Hvanneyri	210,0
04-502-0000 Bændaskólinn á Hólum	1 300,0
04-502-0000 Bændaskólinn á Hólum	1 200,0

	Pús. kr.
Sjávarútvegsráðuneytið	2 565,0
05-215-0000 Framleiðslueftirlit sjávarafurða	800,0
05-215-0000 Framleiðslueftirlit sjávarafurða	700,0
05-299-0120 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs ¹⁹⁾	1 000,0
05-901-0300 Skrifst. rannsóknast. atvinnuveganna	65,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	21 203,2
06-101-0000 Aðalskrifstofa	600,0
06-101-0000 Aðalskrifstofa	500,0
06-102-0000 Stjórnartíðindi	82,0
06-102-0000 Stjórnartíðindi	200,0
06-102-0000 Stjórnartíðindi	350,0
06-103-0000 Kosningar ²⁰⁾	499,0
06-201-0000 Hæstiréttur	175,0
06-204-0000 Borgarfógetinn í Reykjavík	75,0
06-204-0000 Borgarfógetinn í Reykjavík	158,0
06-208-0000 Rannsóknarlögregla ríkisins	600,0
06-208-0000 Rannsóknarlögregla ríkisins	1 100,0
06-213-0000 Sýslumaðurinn Borgarnesi ²¹⁾	224,0
06-213-0101 Sýslumaðurinn Borgarnesi ²¹⁾	150,0
06-219-0101 Bæjarfógetinn Bolungarvík	153,4
06-237-0000 Bæjarfógetinn í Kópavogi	18,0
06-238-0000 Dómstóll í ávana- og fíkniefnum	160,0
06-241-0000 Hegningarhús	250,0
06-242-0000 Vinnuhælið Litla-Hraúni	2 600,0
06-243-0000 Vinnuhælið að Kvíabryggju	300,0
06-247-0000 Eftirlitsstofnun með brotamönnum	80,0
06-251-0000 Landhelgisgæslan ²²⁾	3 720,0
06-252-0000 Bifreiðaeftirlit ríkisins	457,8
06-252-0000 Bifreiðaeftirlit ríkisins	3 000,0
06-255-0000 Umferðarráð	100,0
06-281-0000 Dómsmál, ýmis kostnaður	450,0
06-281-0109 Lagasafn	500,0
06-282-0103 Ýmis löggæslukostnaður	500,0
06-301-0117 Biskupsbústaður	575,0
06-301-0135 Hólar í Hjaltadal	25,0
06-301-0302 Byggingar á prestsetrum	1 000,0
06-303-0000 Prestaköll og prófastsdæmi	2 000,0
06-373-0000 Kristnisjóður ²³⁾	601,0
Félagsmálaráðuneytið	5 022,5
07-302-0000 Ríkissáttasemjari	450,0
07-399-0000 Vatnsveitur ²⁴⁾	2 080,5
07-953-0000 Jafnréttisráð	100,0
07-954-0000 Vinnueftirlit ríkisins	25,0
07-977-0000 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta	1 306,0
07-977-0000 Aðstoð við þroskahefta	450,0
07-981-0000 Vinnumál	175,0
07-981-0131 Fræðslumál BSRB	50,0
07-981-0138 Vinnuverndarhópurinn	280,0
07-999-0122 Leigjendasamtökin	25,0
07-999-0147 Félagsmálafulltrúi í Kaupmannahöfn	30,0
07-999-0150 Félag einstæðra foreldra	16,0
07-999-0160 Könnun á kjördæmaskipan	35,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	61 372,0
08-101-0000 Aðalskrifstofa	315,0
08-101-0000 Aðalskrifstofa, vegna stúdenta í félagsráðgjöf	7,0
08-101-0000 Aðalskrifstofa	400,0
08-101-0000 Aðalskrifstofa	600,0

	Pús. kr.
08-101-0000 Aðalskrifstofa	500,0
08-271-0000 Tryggingastofnun ríkisins ²⁵⁾	2 000,0
08-271-0000 Tryggingastofnun ríkisins ²⁵⁾	4 000,0
08-271-0000 Tryggingastofnun ríkisins ²⁵⁾	7 990,0
08-301-0000 Landlæknir	90,0
08-301-0000 Landlæknir	200,0
08-302-0000 Skrifstofa ríkisspítalanna ²⁶⁾	6 000,0
08-302-0000 Skrifstofa ríkisspítalanna ²⁶⁾	7 610,0
08-302-0000 Skrifstofa ríkisspítalanna ²⁶⁾	15 000,0
08-321-0000 Geislavarnir ríkisins	129,1
08-321-0000 Geislavarnir ríkisins	22,0
08-322-0000 Heilbrigðiseftirlit ríkisins	154,7
08-324-0000 Heyrnar- og talmeinastöð	200,0
08-325-0000 Hollustuvernd ríkisins ²⁷⁾	519,0
08-325-0000 Hollustuvernd ríkisins ²⁷⁾	201,3
08-371-0000 Landspítalinn, stofnkostnaður	400,0
08-371-0000 Landspítalinn ²⁸⁾	5 208,0
08-375-0000 Kristneshæli	213,0
08-381-0301 Sjúkrahús og læknisbústaðir ²⁹⁾	522,0
08-381-0301 Sjúkrahús og læknisbústaðir ²⁹⁾	725,0
08-381-0301 Sjúkrahús og læknisbústaðir ²⁹⁾	2 000,0
08-385-0000 Framkvæmdasjóður aldraðra ³⁰⁾	5 200,0
08-399-0143 Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	189,5
08-399-0158 Ár aldraðra	850,0
08-502-0000 Proskabþjálfaskólinn	126,4
Fjármálaráðuneytið	9 216,7
09-202-0000 Skattstofan í Reykjavík	414,7
09-207-0000 Skattstofa Austurlands	180,0
09-209-0000 Skattstofa Vestmannaeyja	100,0
09-211-0000 Skattstofa Reykjaness	400,0
09-214-0000 Ríkisskattanevnd	196,0
09-402-0000 Fasteignamat ríkisins	32,0
09-981-0000 Húseignir ríkisins, vegna ríkisendurskoðunar	675,0
09-981-0000 Fasteignir ríkissjóðs	400,0
09-999-0146 Saltverksmiðja á Reykjanesi ³¹⁾	6 819,0
Samgönguráðuneytið	26 905,0
10-101-0000 Aðalskrifstofa	40,2
10-101-0000 Aðalskrifstofa	400,0
10-211-0000 Vegagerð ríkisins ³²⁾	300,0
10-211-0000 Vegagerð ríkisins ³²⁾	3 630,0
10-211-0000 Vegagerð ríkisins ³²⁾	1 600,0
10-321-0102 Skipaútgærd ríkisins	2 000,0
10-321-0102 Skipaútgærd ríkisins	212,0
10-332-0106 Vitaskipið Árvakur	2 700,0
10-333-0103 Hafnarmál	4 200,0
10-341-0000 Siglingamálastofnun ríkisins	256,0
10-341-0000 Siglingamálastofnun ríkisins	150,0
10-341-0000 Siglingamálastofnun ríkisins	300,0
10-342-0000 Sjöslýsanefnd	100,0
10-471-0000 Flugmálastjórn	709,3
10-471-0000 Flugmálastjórn	500,0
10-471-0000 Flugmálastjórn	240,0
10-471-0000 Flugmálastjórn	50,0
10-471-0000 Flugmálastjórn	200,0
10-471-0000 Flugmálastjórn	4 000,0
10-471-0000 Flugmálastjórn	2 000,0
10-485-0103 SVFÍ, vegna tilkynningarskyldu skipa	111,0
10-485-0106 Kostnaður vegna flugslysa	49,3

	Pús. kr.
10-485-0107 Ýmis framlög	343,7
10-485-0108 Kostnaður vegna sjóslysa	33,5
10-651-0000 Ferðamálaráð	2 780,0
Iðnaðarráðuneytið	16 894,3
11-101-0000 Aðalskrifstofa	900,0
11-204-0000 Verkstjórnarnámskeið	94,0
11-206-0000 Námskeið í stjórn vinnuvéla	200,0
11-207-0000 Eftirmenntun í iðju og iðnaði	100,0
11-221-0103 Iðnrekstrarsjóður	2 000,0
11-298-0000 Eftirlit með starfsemi álvers	500,0
11-298-0000 Eftirlit með starfsemi álvers	350,0
11-298-0000 Eftirlit með starfsemi álvers	1 500,0
11-298-0000 Athuganir á starfsemi álvers	1 400,0
11-298-0101 Eftirlit með starfsemi álvers	350,0
11-299-0104 Efling iðnþróunar og tækninýjungar	500,0
11-299-0106 Niðurgreiðslur á gaffalbitum	23,0
11-299-0113 Landgræðslusjóður, vegna vatnstöku	80,0
11-299-0124 Verðuppbætur á gaffalbita	551,3
11-299-0125 Fiskiðjan Arctic	417,0
11-299-0127 Iðnráðgjafar	500,0
11-301-0000 Orkustofnun	850,0
11-399-0102 Athugun á orkufrekum iðnaði	4 000,0
11-399-0103 Setlagarannsóknir	910,0
11-399-0106 Hitaveita Reykjahlíðar	1 669,0
Viðskiptaráðuneytið	272 817,3
12-101-0000 Aðalskrifstofa	300,0
12-101-0000 Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa	25,0
12-201-0000 Niðurgreiðslur ³³⁾	155 000,0
12-201-0000 Niðurgreiðslur á vöruverði ³³⁾	13 372,0
12-201-0000 Niðurgreiðslur ³³⁾	97 950,0
12-202-0000 Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar ³⁴⁾	6 000,0
12-902-0000 Verðlagsstofnun	140,0
12-903-0000 Hlutafélagaskrá	30,3
1. gr. fjárlaga	25 000,0
99-101-0000 Hlutfjárframlag, kísilmálmverksmiðja ³⁵⁾	25 000,0
Alls	541 808,2

Umframfjárveitingar jan.—okt. 1982

Skýringar við helstu liði

1. Framlagið er ákveðið í NOK, því er hér aðallega um gengisáhrif að ræða	900,0
2. Viðhald á húsi þjóðgarðsvarðar	1 000,0
3. Laun vegna sérkjarasamninga	2 500,0
Rekstrargjöld	4 500,0
	<hr/>
	7 000,0
4. Flokkaskrið á þessu ári í framhaldsskólum samkvæmt sérkjarasamningum	8 789,0
5. Greiðsla á dag- og ferðapeningum til kennara sem eru í réttindanámi	1 122,0
6. Útgáfa námsefnis	1 500,0
7. Greiðsla vegna ársins 1981	2 000,0
8. Flokkaskrið á þessu ári í grunnskólum	15 436,0
9. Greiðsla vegna ársins 1981	1 800,0
10. Vegna fjölgunar styrkþega umfram fjárlagaforsendur, gengisáhrif og verðhækkun hér innanlands	30 000,0
11. Endurgreiðsla á söluskatti á innlendum kvikmyndum til Kvikmyndasjóðs	1 032,0
12. Aðstoð við óbreytta borgara í Líbanon	800,0
13. Vegna sölu á Bjarti, gefa varð út sérstaka fjárheimild, þar sem söluandvirði skipsins rann í ríkissjóð	2 743,0
14. Vegna viðtöku á pólskum flóttamönnum samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar	778,0
15. Vegna ónotaðrar fjárveitingar 1981	434,0
16. Niðurskurður á riðuveiku fé	1 162,0
17. Vegna lögbundinna framlaga ríkissjóðs	5 218,5
18. Vextir og afborganir á lánum sem framleiðsluráð tók vegna útflutnings landbúnaðarafurða	1 199,2
19. Þáttur í lausn á verðákvörðun á ferskri síld til söltunar og frystingar	1 000,0
20. Sveitarstjórnarkosningar	499,0
21. Lokaframkvæmdir	374,0
22. Aukinn olúkostnaður umfram forsendur fjárlaga	3 720,0
23. Vegna lögbundins framlags ríkissjóðs fyrir árið 1981, uppgjör	601,0
24. Vatnsveituframkvæmdir í Skútustaðahreppi vegna náttúruhamfara	2 080,5
25. Bótahækkanir o. fl. umfram fjárlagaforsendur	13 990,0
26. Flokkahækkanir árið 1982, samkvæmt sérkjarasamningum, önnur rekstrargjöld	28 610,0
27. Vegna viðbótarstaða sem ráðninganefnd hefur heimilað frá 01.08.82	720,3
28. Uppsetningarkostnaður og gengisáhrif á krabbameinslækningatæki og T.S.-tæki	5 208,0
29. Tækjakaup á Ísafirði	522,0
Hst. Hvammstanga, einangrun	725,0
Fjórðungssjúkrahús, Akureyri	2 000,0
	<hr/>
	3 247,0
30. Uppgjör v/1981	5 200,0
31. Hluti ríkissjóðs	6 819,0
32. Uppgjör markaðra tekna 1981 og launaleiðrétting	5 530,0
33. Niðurgreiðslur samkvæmt efnahagsráðstöfunum frá því fyrr á þessu ári	266 322,0
— Upp í þessa fjárhæð fóru 125 000 af 09-989 „Launa- og verðlagsmál“.	
34. Greiðsla vegna 4. ársfjórðungs á olústyrk	6 000,0
35. Er í 1. gr. fjárlaga, hlutafjárframlag í kísilmálmverksmiðju	25 000,0